

Priðjudaginn 17. júlí, 2007 - Aðsent efni

## Deiliskipulag fyrir Kársnes

**Pórarinn H. Ævarsson hvetur Kópavogsbúa að kynna sér breytt deiliskipulag fyrir Kársnes**



Pórarinn H. Ævarsson

Pórarinn H. Ævarsson hvetur Kópavogsbúa að kynna sér breytt deiliskipulag fyrir Kársnes: "Svörin voru stöðluð og fram sett á sannkölluðu stofnanamáli. Þau einkenndust af hroka og algeru áhugaleysi svarenda á aðstöðu þeirra sem sendu inn athugasemdirnar"

KÓPAVOGSBÆR hefur auglýst breytt deiliskipulag fyrir Kársnes, byggt á rammaskipulagi sem kynnt var íbúum í desember sl.við fremur dræmar undirtektir þeirra sem á hlýddu.

Ríflega 80 aðilar skiluðu inn athugasemdum vegna rammaskipulagsins. Hver athugasemd var talin sem ein stök þrátt fyrir að í flestum tilvikum væru að minnst kosti 2 nöfn bak við athugasemdina og einhverjir með undirskriftalista. Það er því ljóst að fjöldi þeirra sem eitthvað höfðu við málið að athuga sé umtalsvert meiri en þarna kom fram.

Þeir sem sendu inn athugasemdir fengu umsagnir við þeim í apríl sl. frá Almennu verkfræðistofunni. Svörin voru stöðluð og fram sett á sannkölluðu stofnanamáli. Þau einkenndust af hroka og algeru áhugaleysi svarenda á aðstöðu þeirra sem sendu inn athugasemdirnar. Mín upplifun var sú að það væri sífellt verið að tala niður til mín og oft á tíðum fannst mér eins og menn væru ekki að reyna að skilja athugasemdirnar.

Greinarhöfundur gerði t.a.m. athugasemd vegna aukinnar svifryksmengunar en í Morgunblaðinu höfðu um þetta leyti verið birtar rannsóknir sem sýndu að svifryk við norðanvert Kársnes þar sem höfundur býr var ofan hættumarka. Læknar höfðu einnig bent á það í tengdum greinum að umrædd mengun hefði varanleg skaðleg áhrif á lungnaþroska barna. Gerð var sérstök athugasemd við þetta en svarið sem kom frá Almennu verkfræðistofunni var svohljóðandi: "Mengun vegna svifryks mun aukast með vaxandi byggð á höfuðborgarsvæðinu, óháð því hvort byggð verður þétt á Kársnesi eða ekki." Verkfræðingurinn virðist ekki hafa áttað sig á að ég var ekki að gera athugasemd við heildarskipulag höfuðborgarsvæðisins, heldur við skipulag sem kallar á rúmlega tvöföldun umferðar fram hjá húsinu mínu með tilheyrandi mengun. Einnig gerði hann lítið úr þeirri staðreynd að það er verulegur munur á magni svifryks eftir því hvar á höfuðborgarsvæðinu er mælt.

Svo gott sem allir innsendendur athugasemda lýstu miklum áhyggjum sínum af aukningu á umferð um hverfið og sérílagi um Kársnesbraut. Þónokkur hluti þessa aðila hefur búið hér á nesinu um áratugi og ættu þeir að vita í það minnsta jafnvel og reiknilíkön verkfræðingsins hve mikla umferð Kársnesbraut þolir með góðu móti. Þetta eru þeir aðilar sem margoft hafa þurft að bíða eftir að geta komist inn á götuna frá heimilum sínum að morgni dags og að loknum vinnudegi heim til sín. Á innsendum athugasemdum mátti sjá að flestum þótti nóg um umferðina um götuna eins og hún er í dag. Svarið sem kom frá Almennu verkfræðistofunni var svohljóðandi: "Byggð á Kársnesi verður ekki aukin umfram það sem umhverfið og gatnakerfið á nesinu þola með góðu móti." Ætla mætti af þessu svari að um væri að ræða íbúaaukningu upp á 1–200 manns og þá með tilheyrandi aukningu í umferð, ekki hátt í 5000 manns og umferðaraukningu upp á 10–11.000 bíla á sólarhring. Það er með öðrum orðum verið að segja skynsömum og fullkomlega heilbrigðum íbúum bæjarins að þeir séu fávitar, það sé ekkert mál að bæta eins og einu Seltjarnarnesi af íbúum við svæðið og að götur sem þessir sömu íbúar hafa verið að kvarta undan vegna umferðarpunga hafi í raun og veru verið stórlega vannýttar. Þessi upptalning inniheldur einungis brot af þeim hroka og dónaskap sem öllum þeim aðilum sem sendu inn athugasemdir var sýndur.

Nú er verið að kynna deiliskipulag fyrir svæðið og er tímasetningin jafnsérstök og þegar rammaskipulagið var kynnt. Sumarfrí standa nú sem hæst hjá þorra landsmanna og greinilegt

að lauma á kynningunni á skipulaginu í gegn meðan fólk er í fríi. Það er frestur til 21. ágúst til að gera athugasemdir við deiliskipulagið. Ég hvet alla ábyrga Kópavogsbúa til að kynna sér tillögurnar og gera við þær allar þær athugasemdir sem ykkur kann að finnast réttar. Ég bendi á að þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir deiliskipulaginu. Ég bendi einnig á að það er áhrifaríkara að hjón eða sambýlisfólk sendi inn athugasemdir í sitt hvoru lagi og að ekki séu sendir inn undirskriftalistar, enda gera bæjaryfirvöld hvað þau geta til að gera lítið úr þeirri almennu andstöðu sem við tillögurnar er.

Samtökin Betri Byggð á Kársnesi hafa verið stofnuð til að berjast á móti þessum ósóma. Þau halda meðal annars úti vefsíðunni [www.karsnes.is](http://www.karsnes.is) en þar er að finna upplýsingar um deiliskipulagið, ýmsar upplýsingar um samtökin auk þess sem hægt er að lesa innsendar athugasemdir íbúa Kópavogs við rammaskipulagið og svör við þeim. Það er áhugaverður en jafnframt sorglegur lestur þar sem takast á sjónarmið skynsemi og tilfinninga annars vegar og illa dulin gróðasjónarmið hins vegar.

Bæjarstjórn Kópavogs er vön því að íbúar tauti hver í sínu horni og að samstaðan meðal þeirra sé takmörkuð. Þeir reikna með því sama nú enda hafa Íslendingar verið langþreyttir til leiðinda og mótmæla. Í vesturbæ Kópavogs mun kveða við nýjan tón því við munum ekki sætta okkur við þessar hugmyndir né þessa framkomu.

Höfundur er framkvæmdastjóri og býr við Kársnesbraut.